

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingar fyrir Lækjarvelli, Hörgársveit.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 20. júní 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjarvelli. Í breytingunni felst að norðurmörkum lóðarinnar Lækjarvellir 9 er hliðrað til suðurs í samræmi við eignarmörk lands. Eftir breytinguna verða lóðamörk milli lóða 9 og 11 í framræsiskurði sem liggur skáhallt yfir lóð nr. 9 skv. fyrra skipulagi. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 31. október 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjarvelli. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðar nr. 7 er stækkaður og heimild veitt til að á lóðinni rísi tvö hús alls 1.819,6 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 7. febrúar 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjarvelli. Í breytingunni felst að lóð nr. 2 er skipt upp í þrjár lóðir, 2a, 2b og 2c. Um lóðirnar gilda almennir skilmálar deiliskipulags. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hörgársveitar, 7. september 2020,*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2020